Verk úr safni Ingu Riis sýnd á Kjarvalsstöðum

SÝNING á verkum úr safni Ingu Riis var opnuð á Kjarvalsstöðum um síðustu helgi. Inga Riis hefur um árabil rekið eitt stærsta og alþjóðlegasta gallerí á Norðurlöndum og er það staðsett í Ósló. Opnaði hún galleríið ásamt eiginmanni sínum, Andreas L. Riis, fyrir tíu árum en þegar árið 1970 höfðu þau sett á laggirnar fyrsta galleríið í Þrándheimi. Andreas L. Riis lést fyrir sex árum og hefur Inga séð um öll mál síðan. Verkin 34 sem hér eru nú til sýnis má flokka undir ljóðræna abstraksjón. Verk listamanna úr Cobra-hópnum og Ecole de Paris hafa löngum myndað kjarnann í Riis-safninu og er á sýningunni á Kjarvalsstöðum m.a. að finna verk eftir listamennina Asger Jorn, Corneille og Roger Bissiére.

Inga Riis kom hingað til lands í tengslum við opnun sýningarinnar og náði Morgunblaðið tali af henni og spurði hvenær myndlistaráhugi hennar hefði vaknað. Sagði hún áhuga þeirra hjónanna á myndlist ávallt hafa verið til staðar og þau lagt mikla rækt við hana allt frá því að þau giftu sig árið 1951. Þó að þau hefðu keypt mikið af listaverkum allt frá upphafi hefðu samt *fyrstu tíu ár hjónabandsins aðallega* farið í aðra hluti eins og að byggja upp heimilið. Maður hennar hefði líka verið í umsvifamiklum atvinnurekstri, glerframleiðslu og sölu, og hefði mikið verið að gera í þeim efnum á þeim árum, ekki síst í tengslum við uppbygginguna eftir stríðið.

Smám saman hefðu þau hins vegar byrjað að kaupa listaverk meira meðvitað. Cobra-hópurinn svo nefndi vakti athygli þeirra um miðjan sjöunda áratuginn og stuðlaði að því að listin varð með tímanum að ástríðu í lífi þeirra. Inga sagði það oft hafa gerst þegar þau hjónin hrifust af sama listamanninum að þeim hefði fallið hvoru við sitt listaverkið. Það hefði oftast endað með því að þau hefðu keypt þau bæði.

Í byrjun áttunda áratugarins hefðu þau svo opnað fyrsta galleríið sitt í Þrándheimi. Þau ráku verslun í bænum og var ónotað loft í því húsnæði sem tilvalið var að nota undir slíka starfsemi. Sá Inga um að stilla upp sýningunum en maðurinn hennar keypti inn. Árið 1980 tóku þau svo þá ákvörðun að setja upp gallerí í Ósló. Inga sagði að þó að Þrándheimur væri ágætur bær væri hann kannski ekki rétti staðurinn til að reka gallerí með nútímalist. Í september 1980 opnuðu þau því gallerí í Ósló. Fyrst um sinn ráku þau einnig galleríið í Þrándheimi áfram en rekstri þess var loks hætt fyrir einu og hálfu ári.

Eiginmaður Ingu Riis lést í flugslysi fyrir sex árum. Inga sagði að þetta hafi verið gífurlegt áfall og hafi hún verið tvö ár að jafna sig á eftir. Eftir lát eiginmannsins hefur hún séð um yfirstjórn fyrirtækisins og gallerísins. Þegar hún var spurð hvernig það færi saman að stjórna fyrirtæki og reka gallerí sagði Inga að það væri nánast eins og flóð og fjara. Það bjargaði samt miklu að hún hefði mjög duglega manneskju til þess að stjórna galleríinu í Ósló.

Riis-safnið er mjög veglegt en það er að staðaldri geymt á Høvikodden, Henie-Onstad-safninu, skammt fyrir utan Ósló. Safn þetta, sem kennt er við Sonju Henie-Nielsen, svipar að miklu leyti til Moderna Museet í Stokkhólmi og Louisiana-safnsins í Kaupmannahöfn. „Við töldum rétt að geyma að minnsta kosti kjarnann úr safninu á sama stað en hann samanstendur aðallega af verkum Cobra-hópsins og franskri list á svipuðu reiki," sagði Inga. 1986-87 hélt hún stóra sýningu á Høvikodden þar sem allt safnið var sýnt og hluti þess hefur einnig verið sýndur í New York, Finnlandi, Svíþjóð og Þýskalandi.



Morgunblaðið/Sverrir

Inga Riis, sem stendur lengst til hægri á myndinni, var viðstödd opnun sýningarinnar á verkum úr safni hennar á Kjarvalsstöðum. Við hlið hennar stendur Gunnar Kvaran, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkurborgar. Einnig eru á myndinni Per Hovdenakk, forstöðumaður Henie-Onstad-safnsins í Ósló, og eiginkona hans.

Hún sagði Gunnar Kvaran, listráðunaut Reykjavíkurborgar, hafa sýnt mikinn áhuga á safninu og hefði orðið úr að ákveðið var að setja upp sýningu á Íslandi. Þau verk sem nú væru til sýnis á Kjarvalsstöðum væru stór hluti af kjarnanum.


Inga rekur eins og áður sagði samhliða atvinnurekstrinum galleríið í Ósló. Hún sagði mikið um að ungir listamenn sýndu þar, norskir jafnt sem frá öðrum Norðurlöndum, aðallega frá Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi. Hefðu til dæmis bræðurnir Sigurður Guðmundsson og Kristján Guðmundsson sýnt þar nýlega.

Inga Riis kom nú til Íslands í fyrsta skipti í tengslum við opnun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum og sagðist hún hafa hrifist mjög af landinu. Hefðu til dæmis heimsóknir í Bláa lónið og að Geysi verið áhrifamiklar og gjörólíkar því sem maður upplifði í Noregi. Væri hún staðráðin í að koma hingað aftur en þá að sumri til.

Skák:

„Stórveldaslagur" í Reykjavík

SÉRSTÆTT skákmót verður í Reykjavík dagana 9.-15. mars. Á mótinu takast á lið stórveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, lið Bretlands og úrvalslið Norðurlanda. 41 stórmeistari og 5 alþjóðlegir meistarar taka þátt í mótinu sem ber heitið „Stórveldaslagur". Það má segja að marsmánuður verði helgaður skákinni því að eftir að Stórveldaslagnum líkur hefst Búnaðarbankamótið, 14. Reykjavíkurskákmótið, og verður það með 87 keppendum fjölmennasta mót sem haldið hefur verið hér á landi. Mun það standa dagana 17.-30. mars.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Forystumenn Skáksambandsins, skákmenn og fulltrúar þeirra fyrirtækja sem fjármagna munu „Stórveldaslaginn", f.v.: Jóhann Hjartarsson, Margeir Pétursson, Guðmundur Arnlaugsson, Einar S. Einarsson, Gunnar Hansson, Jón L. Árnason, Friðrik Ólafsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Þráinn Guðmundsson.

Aðdragandi „Stórveldaslagsins er sá að í framhaldi af VISA-skákkeppninni milli Bandaríkjanna og Norðurlandanna, sem fram fór í Reykjavík árið 1986, kviknaði sú hugmynd að fylkingarnar reyndu með sér á ný. Á FIDE-þingi í Sevilla árið 1987 hreyfðu Íslendingar svo þeirri hugmynd að efnt yrði til fjögurra liða keppni með báðum stórveldunum, Norðurlöndunum og Bretlandi. Var vel tekið í hugmyndina og aðilar sammála um að mótið ætti að fara fram í Reykjavík. Á þingi í Saloniki ári síðar var síðan gert óformlegt samkomulag um keppnina. Hefur málið síðan verið rætt á fundum milli aðila til að ganga frá hlutum og var sá síðasti fyrir mánuði.

Það eru VISA-Ísland, VISA-International og IBM á Íslandi sem fjármagna keppnina ásamt Norræna menningarmálasjóðnum sem veitir styrk til keppninnar. Þá hafa aðstandendur hennar gert samkomulag við Stöð 2 um beinar útsendingar frá keppninni og skákskýringaþætti.

Í liði Norðurlanda verða Íslendingarnir Helgi Ólafsson, Margeir Pétursson, Jóhann Hjartarsson og Jón L. Árnason. Liðsstjóri verður Friðrik Ólafsson og er hann einnig fyrsti varamaður liðsins.



Hér má sjá merki þau sem útbúin hafa verið fyrir stórmótin er haldin verða í Reykjavík nú í marsmánuði.





■ ***HEILSUDAGAR*** undir kjörorðinu **„Bætt heilsa — betra líf"** standa nú yfir í Kringlunni. Ýmsir sem starfa að heilsuvernd og heilbrigðismálum miðla til viðskiptavina upplýsingum um heilbrigðara líferni og bætt heilsufar. Íþrótta- og danssýningar eru í göngugötunum. Um 30 félög og opinberir aðilar kynna starfsemi sína og veita ráðgjöf fyrir almenning. Gefin verða út þrjú fréttabréf með ráðleggingum og fróðleik um bætt mataræði, heilsufar og breyttan lífsstíl og verður bréfunum dreift í Kringlunni. Kringlan hefur tvisvar áður efnt til kynningar af þessu tagi og segir í fréttatilkynningu að þær hafi vakið athygli og áhuga viðskiptavina.

